

Luxwedding ehf.
Núpalind 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 9. janúar 2020
UST201912-254/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Brúðkaup - Malarrif

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Luxwedding ehf., dagsett 20. desember 2019, vegna brúðkaups við Malarrif.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Mannvirkjagerð, efnistaka og hverskonar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18. gr. reglugerðarinnar.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir að halda brúðkaupsathöfn við Malarrifsvita þann 8. ágúst 2020. Gert er ráð fyrir að um 37 manns muni verða viðstaddir athöfnina. Ekki verður þörf fyrir að setja upp neinn búnað vegna athafnarinnar. Gengið verður að vitanum en þar gæti þurft að fara út fyrir stíga.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Göngustígur liggur að vitanum og stétt, pallur er við vitann. Engar friðlýstar og/eða fágætar tegundir, vistgerðir eða jarðminjar eru á tilgreindum stað. Gestir svæðisins verða fyrir einhverri truflun á meðan athöfn fer fram. Allmargir gestir ganga að vitanum og nágrenni hans. Meðan á afhöfn stendur verður erfiðara að komast að vitanum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Luxwedding ehf., fyrir sitt leyfi fyrir brúðkaupsathöfn innan þjóðgarðinum Snæfellsjökli sbr. lýsingu hér að ofan 8. ágúst 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Óheimilt er að kasta hrísgrjónum eða öðrum aðkomuhlutum á svæðinu, taka skal allt sem boríð er inn á svæðið út aftur að afhöfn lokið.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Hafbergsdóttir

Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur



Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður